

Föstudaginn 18. apríl 1997.

Nr. 172/1997. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Steingrími Guðjónssyni

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Kærumál. Hald. Frávísun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 14. apríl 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 11. apríl 1997, þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um, að aflétt yrði haldi á bifreiðinni OU 677, af gerðinni Mercedes Benz. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að „ákvörðun tollyfirvalda og RLR um hald“ á fyrrnefndri bifreið verði staðfest.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Af gögnum málsins verður ekki séð, að sóknaraðili hafi gripið til formlegra aðgerða til að leggja hald á umrædda bifreið, þótt opinber rannsókn beinist að varnaraðila vegna ætlaðra afbrota í tengslum við innflutning hennar, heldur virðist sem tollyfirvöld hafi synjað varnaraðila um tollafgreiðslu bifreiðarinnar og komið þannig í veg fyrir, að hann fengi hana afhenta. Er því ekki fullnægt skilyrðum 78. gr. og 79. gr., sbr. 75. gr. laga nr. 19/1991, til að varnaraðili geti leitað úrlausnar um framangreindan ágreining með þeim hætti, sem gert er í málinu. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá héraðsdómi.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.
